

Sveitarfélagið Árborg
b.t. Bæjarráðs
Ráðhúsi Árborgar
800 Selfossi

8. október 2020

Erindi: Bygging félagsaðstöðu fyrir Knattspyrnufélagið Árborg á íþróttasvæðinu við Engjaveg

Knattspyrnufélag Árborgar (hér eftir nefnt „KÁ“) var stofnað þann 5. nóvember 2000 og á því tuttugu ára afmæli þann 5. nóvember nk. Frá þeim tíma hefur félagið vaxið frá því að vera lítið áhugamannafélag fyrir leikmenn sem ekki komust í meistaraflokk Selfoss í að vera rótgróið knattspyrnufélag á landsvísu og einn stærsti hátíðarhaldari menningarviðburða í Árborg, með bæjarhátíðina Sumar á Selfossi. Áhrif knattspyrnufélagsins á íþrótt- og menningarlíf í Árborg er því óumdeilt.

Þrátt fyrir mikilvægi félagsins í sveitarfélaginu hefur það, ólíkt öðrum félögum í sveitarfélaginu, hvergi átt aðsetur. Félagið hefur hvergi verið með fasta aðstöðu fyrir starfsemi sína né búningaaðstöðu fyrir leikmenn félagsins. Sú staðreynd hefur komið í veg fyrir að vöxtur félagsins hafi verið meiri en raun ber vitni.

Í ljósi þess að nú eru hafnar miklar framkvæmdir við vallarsvæðið við Engjaveg telur KÁ lag fyrir sveitarfélagið að bæta úr því aðstöðuleysi sem félagið hefur glímt við. Fer KÁ þess því á leit við sveitarfélagið að sett verði upp félagsaðstaða fyrir KÁ við gervigrasvöllinn á Selfossi (**sjá fylgiskjal 2**) sem mun uppfylla allar þarfir KÁ sem og nýtast öðrum félögum á vallarsvæðinu.

Rök KÁ fyrir því að setja upp félagsaðstöðu við gervigrasið við Engjaveg.

1. Kostnaður við uppbyggingu félagsaðstöðu í þeirra mynd sem KÁ leitast eftir (**sjá fylgiskjal 1**) er kr. 91.500,- án vsk per fermeter. Heildarbyggingarkostnaður er því kr. 9.882.635,- án vsk. Það er mat KÁ að erfitt sé að fá jafnt glæsilega aðstöðu fyrir lægri kostnað. Líklegast er um að ræða lágsta fermetraverð sem sveitarfélagið hefur séð við uppbyggingu íþróttamannvirkja.
2. Knattspyrnufélag Árborgar er eina félagið sem hefur hvergi félagsaðstöðu, hvorki í félagsheimilinu Tíbrá né öðrum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Með því að setja upp félagsaðstöðu fyrir KÁ munu öll íþróttarfélög í sveitarfélaginu hafa eigin aðstöðu og veita þannig fullnægjandi aðstöðu fyrir iðkendur sína.
3. Sú lausn sem KÁ er að leggja til við uppbyggingu félagsaðstöðu er í samræmi við það sem gengur og gerist á íþróttasvæðinu við Engjaveg. Má þar nefna aðstöðuhús fyrir frjálsar íþróttir sem og aðstöðu fyrir blaðamenn ofan á stúkunni. Er því ekki um að ræða nýjan byggingastíl sem gæti verð sjónmengun á svæðinu.
4. Félagsaðstaða KÁ mun ekki einungis nýtast félaginu sjálfu heldur mun það einnig skapa mun betri umgjörð og aðstöðu fyrir knattspyrnudeild Selfoss í kringum mótahald á Selfossvelli þar sem hægt væri að vera með mótstjórn á stórum mótum (Jako mótið, SET mótið, Lindex mótið og Olísmótið) í félagsaðstöðu KÁ. Aðstaða með góða yfirsýn yfir allt vallarsvæðið.
5. Félagsaðstaða KÁ mun einnig nýtast í kringum stærri viðburði sem sveitarfélagið mun halda, t.d. unglíngalandsmót og stór mót í frjálsum íþróttum.

6. Ofan á þaki félagsaðstöðu KÁ væri hægt að koma upp aðstöðu fyrir upptökubúnað á leikjum sem fram fara í öllum flokkum knattspyrnu á Selfossvelli sem og öryggisbúnað ef vilji er til þess af hálfu sveitarfélagsins. Sú aðstaða væri með óhindraða sýn yfir gervigrasvöllinn. Núverandi staða uppi á stúkunni er ekki góð til upptöku af leikjum þar sem að flóðljós á vellinum er ávallt í mynd þegar upptökur eiga sér stað. Varðandi öryggismyndavélar þá myndi einnig sjást allur umgangur um öll mannvirkin á íþróttasvæðinu.
7. Knattspyrnudeild Selfoss er ört vaxandi og iðkendafjöldi eykst frá ári til árs. Stúkan við Selfossvöll væri því einungis fyrir iðkendur Selfoss og þyrfti því ekki að hafa áhyggjur af því að koma KÁ fyrir í klefunum fyrir æfingar og leiki.
8. Félagsaðstöðu KÁ væri einnig hægt að nýta fyrir félög sem hafa hug á því að koma til æfinga í nýrri knattspyrnuhöll (Árborgarhöllinni) ef svo ber undir. Reikna má með að aðsókn í æfingatíma í nýrri höll verði mikil og mögulega verður þörf á auknu aðstöðurémi fyrir leikmenn í kringum þá notkun.
9. Félagsaðstaða KÁ er færanleg og ekki varanlega skeytt við landið. Sem gerir það að verkum að hún mun ekki hafa áhrif á frekari uppbyggingu á svæðinu.
10. Þegar uppbyggingu verður lokið á íþróttasvæðinu, sbr. heildarskipulag svæðisins, getur sveitarfélagið með einföldum hætti nýtt þau mannvirki sem byggð hafa verið með einföldum hætti. T.d. væri hægt að flytja þau á Stokkseyri og nota þau þar áfram sem félagsaðstöðu fyrir Ungmennafélag Stokkseyrar. Í dag hefur Stokkseyri aðstöðu í sundlauginni á Stokkseyri og íþróttahúsinu en gæti í framtíðinni fengið félagsaðstöðu KÁ til notkunar þegar KÁ hefur fengið aðstöðu í nýjum, glæsilegum byggingum á íþróttasvæðinu við Engjaveg. Yrði það mikil lyftistöng fyrir knattspyrnudeildina á Stokkseyri sem var núna í ár að hefja æfingar fyrir yngri flokka á svæðinu. Má því í framtíðinni gera ráð fyrir aukinni þörf á aðstöðu þar.

Kostnaðurinn við framkvæmdina:

- Kostnaðurinn við byggingu félagsaðstöðu KÁ er kr. 9.882.635,- án vsk. en skv. reglum yfirvalda um „endurgreiðslu virðisaukaskatts til mannúðar- og líknarfélaga, íþróttafélaga, björgunarsveita o.fl.“ er tekið fram að á tímabilinu 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 mun virðisaukaskattur vegna bygginga, endurbóta eða viðhalds á mannvirkjum sem fellur til af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið er í eigu þeirra aðila falla niður. Gera má því ráð fyrir að hluti virðisaukaskatts verði felldur niður við byggingu félagsaðstöðunnar.
- Kostnaður við fráveitu, rafmagn og vatnslagnir. Þetta er óútskýrður kostnaður og hefur KÁ ekki náð að leggja mat á þann kostnað. Gera má ráð fyrir að hann verði óverulegur þar sem hægt er með einföldum hætti að tengja félagsaðstöðuna við þá vinnu sem núna er verið að framkvæma á svæðin.
- Ekki er þörf á því að byggja séstaklega undir félagsaðstöðuna, sökla eða annað, þar sem að við vallarsvæðið er malbik sem hægt er að setja félagsaðstöðuna á og festa með fullnægjandi hætti við landið.

Fjármögnun verkefnisins

- Knattspyrnufélag Árborgar leggur til að sveitarfélagið styrki þessa uppbyggingu um 3 milljónir af kaupverðinu ásamt því að taka á sig kostnað við að tengja vatn, fráveitu og rafmagn. Umframkostnaður væri síðan greiddur með láni sem sveitarfélagið myndi lána KÁ til 7 ára að hámarki. KÁ myndi greiða 1 milljón + vexti ár hvert af láninu með gjalddaga 5. janúar ár hvert.
- Knattspyrnusamband Íslands veitir á ári hverju styrk úr mannvirkjasjóði KSÍ til uppbyggingar á knattspyrnumannvirkjum. Myndi KÁ sækja um styrk fyrir uppbyggingunni og telur félagið að styrkur þar gæti numið allt að 20 – 30% af heildar byggingarkostnaði. Sú fjárhæð sem er á bilinu 2-3 milljónir myndu fara beint í innborgun á lánið og væri lánið þá í heildina um 4 milljónir sem KÁ væri að fá frá sveitarfélaginu. **(sjá fylgiskjal 3 og 4)**
- Knattspyrnufélag Árborgar myndi svo selja auglýsingar á bakhlið félagsaðstöðunnar fyrir að lágmarki 1.000.000,- ár hvert til að standa undir lánagreiðslum til sveitarfélagsins.

Samtekt:

Eins og sjá má er hér um að ræða verkefni sem forsvarsmenn Knattspyrnufélags Árborgar telja að muni nýtast öllum þeim sem hafa hug á því að nýta sér vallarsvæðið við Engjaveg. Aðstaðan mun vera lyftistöng fyrir Knattspyrnufélag Árborgar sem og allt mótahald á Selfossvelli, sem er ein stærsta tekjulind knattspyrnudeildar Selfoss. Framkvæmdin er mjög hagkvæm og kemur ekki í veg fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Einnig er hún þannig gerð að auðvelt er að færa hana til og nýta hana á öðrum svæðum í sveitarfélaginu þegar uppbyggingu íþróttamannvirkja við Engjaveg er lokið.

Núna er kjörið tækifæri til að jafna stöðu allra íþróttafélaga í Árborg, skapa öllum félögum sömu umgjörð og sýna í verki þakklæti fyrir það mikilvæga starf sem Knattspyrnufélag Árborgar sinnir í sveitarfélaginu.

Fyrir hönd knattspyrnufélags Árborgar

Sigurður Sigurðsson
Framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl með beiðni:

- Fylgiskjal 1. Grunnmynd af félagsaðstöðu
- Fylgiskjal 2. Aðstöðumynd fyrir félagsaðstöðu
- Fylgiskjal 3. Reglugerð mannvirkjanefndar KSÍ
- Fylgiskjal 4. Skorkort mannvirkjanefndar